



## 5. fundur stjórnar Aftureldingar 5. júlí 2011

**Fundur settur kl. 17:20 að Varmá**

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Guðjón Helgason, Hekla Klemenzdóttir, Helga Jóhannesdóttir og Sævar Kristinsson. Ásmundur Pálsson og Kristín Reynisdóttir höfðu boðað forföll. Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

1. Í túninu heima
  2. Framtíðin – námsefni
  3. Sportklúbbur
  4. Samstarf við skóla og frístundafélög
  5. Aðstöðumál
- 
1. Aðalstjórn ræddi um að það væri mikilvægt að Afturelding kæmi fram sem ein heild í Túninu og hefur framkvæmdastjóri óskað eftir því við skipuleggjendur hátíðarinnar að básar deildanna verði hlið við hlið. Framkvæmdastjóri mun hafa samband við formenn og ræða við þá fyrirkomulag og samræmt Aftureldingaryfirbragð básanna.
  2. Aðalstjórn er áhugasöm um að nýta námsefnið Framtíðin eftir Viðar Halldórsson innan félagsins. Framkvæmdastjóri mun nú senda námsefnið á formenn og yfirþjálfara ásamt minnisblaði frá ASG sem gert var eftir fund hjá UMSK og óska eftir að þau kynni sér efnið. Ákveðið að málefnið verði rætt á formannafundi þann 17. ágúst.
  3. Rætt um tilurð og starfsemi Sportklúbbsins sem hefur ekki starfað undanfarin ár. Ákveðið að fela framkvæmdastjóra að ræða við forvera sína um rekstrarfyrirkomulag og starfsemi klúbbsins og aðsókn að honum áður en ákvörðun veður tekin um endurreisn hans..
  4. Samstarf við skóla og frístundafélög í Mosfellsbæ. Formaður kynnti fyrirkomulag samstarfs milli Fylkis og skólanna í hverfi félagsins sem og við önnur frístundafélög. Ákveðið að koma á árlegum fundum með skólum og frístundafélögum í Mosfellsbæ til að samræma betur starf með börnum og unglíngum í bænum og munu formaður og framkvæmdastjóri skipuleggja það.
  5. Aðstöðumál. Farið yfir þá kosti sem hafa verið til skoðunar varðandi viðbótarhúsnæði fyrir félagið, sbr. umræður á fyrri fundum. Utanað komandi aðili verður fenginn til að gera formlegan samanburð á þeim kostum sem liggja fyrir og niðurstaðan lögð fyrir bæinn til ákvörðunar.

Fundi slitið kl. 18:50

Næsti fundur stjórnar verður haldinn miðvikudaginn 10. ágúst.

**Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari stjórnar**